Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is
Árnesi, 801 Selfoss, Sími: 486 6100, skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

Árnesi, 4. mars 2026
Mál númer: M202602-0015

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati sem var birt í samráðsgátt stjórnvalda 20. febrúar 2026.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir tækifærið að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps lýsir ánægju yfir því að loks skuli vera lögð fram drög að frumvarpi um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, en fasteignagjöld er lögbundinn tekjustofn sveitarfélaga. Um þriðjungur af raforkuframleiðslu Íslands hefur farið fram í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þrátt fyrir það eru liðin rúm þrjú ár frá því sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps bókaði á fundi þann 15. febrúar 2023:

> *„Tölulegar staðreyndir sýna fram á það að nærsamfélagið nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt. Sú staðreynd gerir það að verkum að orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjónar ekki hagsmunum þess til framtíðar í óbreyttri mynd.“*

Síðan þá hefur ekkert breyst og með núverandi lagaumgjörð stendur ekki til að skipuleggja frekari orkumannvirki í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ítrekar því mikilvægi þess að málið fái framgöngu á núverandi þingi, enda kemur ítrekað fram í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að tryggja eigi nærumhverfi orkuvinnslu auknar tekjur.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggur áherslu á að til þess að frumvarpið nái tilgangi sínum þurfi eftirfarandi atriði að breytast og/eða koma fram í fyrirhuguðu lagafrumvarpi:

> **Í II. KAFLA, 13gr.** er fjallað um tvær nýjar greinar við lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1994, með síðari breytingum, 4.gr. a og 4.gr. b:
>
> **Í 4.gr. a** er fjallað um hvert álagningarhlutfall fasteignaskatts af fasteignum, þ.m.t. rýmiseignum, sem nýttar eru til vinnslu raforku, enda sé uppsett afl þeirra 100kw eða meira, skuli vera af fasteignamati þeirra. Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið sem hafa komið fram í samráði síðustu ára, að miðað verði við **sama álagningarhlutfall á orkumannvirki og er í Noregi, þ.e.a.s. 0,7%.** Sveitarstjórn hefur ekki athugasemdir við að álagningarhlutfallið verði innleitt í skrefum, en telur mikilvægt að þeirri innleiðingu verði lokið eigi síðar en 2035. Sveitastjórn telur engar forsendur fyrir því að álagningarprósenta á orkumannvirki verði lægri en álagning á íbúðahúsnæði, þ.e.a.s. 0,5% og telur æskilegt að í upphafi verði miðað við ekki lægri prósentu en 0,5%.
>
> **Í 4.gr. b** er fjallað um að stórnotendur raforku, skulu sæta jöfnun í gegnum jöfnunarsjóð. Sveitarstjórn bendir á að undirbúningur að því að afnema undanþágu orkumannvirkja hefur staðið yfir í góðu samráði síðustu þrjú ár og má rekja upphaf þeirrar baráttu 15 ár aftur í

tímann, en Samtök Orkusveitarfélaga voru stofnuð árið 2011 með það meginmarkmið að undanþága orkumannvirkja frá fasteignamati verði afnumin. Aldrei á þeim tíma hefur verið fjallað um stórnotendur raforku í samhengi við afnám undanþágunnar og telur sveitarstjórn það ekki viðeigandi að setja stóriðjuna inn á síðustu metrunum. Sveitarstjórn leggur því til að ákvæði sem snýr að stóriðjunni verði fellt út úr frumvarpinu.

Í 4. gr. b, liður 1 er fjallað um að sveitarfélag heldur óskertum fasteignaskattstekjum að ákveðinni fjárhæð. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ítrekar fyrr umsögn, þar sem ítarlegur rökstuðningur er lagður fyrir því að **frítekjumark þurfi að vera ekki minna en 1.000.000 krónur pr. íbúa** til þess að raunverulegur ávinningur verði fyrir sveitarfélagið, en bendir á að verði skerðingin undir 800.000 kr. pr. íbúa þá muni Skeiða- og Gnúpverjahreppur verða mögulega fyrir tekjutapi og því náist ekki markmið frumvarpsins um að nærumhverfi orkuvinnslu njóti ávinnings.

Í 4.gr. b, liður 2 er fjallað um að af þeim tekjum sem eru umfram frítekjumark skv. 1. tölul. haldi sveitarfélagið eftir hlut sem reiknast skv. reglum um minnkandi skv. b-hluta viðauka I. Útreikningurinn skuli tryggja að viðbótartekjur sveitarfélagsins af þeim hluta verði hærri en x krónur á hvern íbúa. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill benda á að í reiknilíkani HMS eru sýndar tvær aðferðir. Annars vegar jafnan „mjúkt þak“ og hins vegar veldisregla sem kynnt var í fyrra samráði. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að ekki sé hægt að notast við regluna „mjúkt þak“ þar sem sú regla leiðir til tekjutaps fyrir sum sveitarfélög. **Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þurfi að miða við veldisregluna sem kynnt var í fyrra samráði og miða við veldisstuðulinn 0,88.**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps bendir á að frítekjumark og tekjur umfram frítekjumark á einungis við þrjú sveitarfélög, Skeiða og Gnúpverjahrepp, Ásahrepp og Fljótsdalshrepp. Þar fer fram um 60% af orkuvinnslu á Íslandi. **Með frítekjumarki upp á 1.000.000 kr. á íbúa ásamt umfram tekjum í veldinu 0,88, þá mun um 90% af auknum tekjum vegna virkjana í þessum sveitarfélögum renna til annarra sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóð,** þegar tekið hefur verið tillit til þeirra skerðinga sem þessi sveitarfélög verða frá jöfnunarsjóði við auknar tekjur af þeirri mikilvægu orkuvinnslu sem á sér stað í sveitarfélögunum.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með hvernig orkumannvirki verða skilgreind sem rýmiseignir ásamt því að lýsa yfir ánægju með keilu útfærslu áhrifasvæðis, sem unnin var í miklu samráði við sveitarfélögin, með það að markmiði að tekjur af orkumannvirkjum dreifðust af sanngjarnari hætti en núverandi fyrirkomulag. Að mati sveitarstjórnar nær þessi útfærsla markmiðum frumvarpsins, að dreifa tekjum á sanngjarnari hátt en núverandi staða gerir.

Til rökstuðnings fyrir þeim atriðum sem fjallað er um hér að ofan, þá fylgja með þessari umsögn fyrri umsögn sveitarstjórnar Innviðaráðuneytisins vegna áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja) frá 23. júní 2025. **Þar fjallar sveitarstjórn ítarlega um forsendur frítekjumarksins.** Einnig fylgir með þessari umsögn fyrri umsögn sveitarstjórnar um endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar. mál nr. 254/2023 frá 18. desember 2023 en þar er vel **útskýrt samspil orkumannvirkja og jöfnunarsjóðs og hvers vegna núverandi lagaumgjörð skilar ekki ávinningi af orkumannvirkjum í nærsamfélagið.**

Að lokum vill sveitarstjórn ítreka mikilvægi þess að málið verði að lögum á núverandi þingi og þannig leggja grunninn að samstarfi ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að frekari uppbyggingu orkumannvirkja á Íslandi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson, Oddviti
Vilborg Ástráðsdóttir
Gunnar Örn Marteinsson
Axel Árnason Njarðvík
Gunnhildur Valgeirsdóttir

Árnesi, 23. júní 2025
Mál nr. M202506-0056

Umsögn til Innviðaráðuneytisins vegna áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja)

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar fyrir að fá að koma á framfæri umsögn sem snýr að áformum um að fella niður undanþágu rafveitna frá fasteignamati.

Í tæp 15 ár hafa sveitarfélög með orkumannvirki barist fyrir því að undanþágan verði felld úr gildi. Ef rétt hefði verið staðið að þessum málum þá hefði undanþágan verið felld úr gildi árið 2003, samhliða því að orkuframleiðsla var gerð að samkeppnismarkaði. Forsenda undanþágunnar var að orkuframleiðsla gegndi þjóðhagslegu hlutverki og átti hún ekki að skila arði. Með arðsemiskröfu sem sett var á orkuframleiðslu árið 2003 voru því engar forsendur lengur fyrir undanþágu frá fasteignasköttum sem eru lögbundnir tekjustofnar sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fagnar því að loks skuli eiga að afnema undanþágu rafveitna frá fasteignamati og vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri til þess að niðurstaða breytinganna leiði til þess að boðuð lagabreyting nái markmiði sínu.

Í frummati á áhrifum lagasetningar, dagsett 14. maí 2025, eru atriði sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur athugasemdir við og telur að neðangreind atriði eigi að leiðrétta í endanlegu mati:

Í lið A 1-3, kemur fram að fyrirhuguð lagasetning mun ekki hafa fjárhagsáhrif á ríkissjóð.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sýnt fram á það í umsögn frá 18. desember 2023, sem fylgir með þessari umsögn, að núverandi lagaumgjörð geti orsakað beint fjárhagslegt tjón fyrir sveitarfélög þegar orkumannvirki eru staðsett í sveitarfélögum. Helsta skylda sveitarstjórna samkvæmt sveitarstjórnarlögum er að gæta hag íbúa sinna. Samkvæmt 1. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga kemur m.a. fram að sveitarstjórn beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Það skiptir því öllu máli þegar sveitarstjórnir taka ákvarðanir um að heimila uppbyggingu í sínu nærumhverfi, að ábati skili sér í nærsamfélagið í gegnum lögbundna tekjustofna sveitarfélaganna. Að mati sveitarstjórnar er því mikilvægt að áformin verði að veruleika og að bæði ríki og sveitarfélög njóti sinna lögbundnu tekjustofna af orkumannvirkjum. **Að mati sveitarstjórnar mun fyrirhuguð lagasetning hafa jákvæð fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð til framtíðar.**

Í lið B 3, er tekið fram að þetta sé ný tekjuöflun fyrir sveitarfélög.

Sveitarstjórn vill benda á að forsendu undanþágunnar má rekja til laga sem sett voru 1963 þar sem rafveitur voru byggðar sem þjóðhagslega mikilvægur innviður og ekki var ætlast

til þess að starfsemi rafveitna skilaði arði. Með innleiðingu orkupakka 1 á Alþingi árið 2003 var raforkumarkaðurinn gerður að samkeppnismarkaði og því engar forsendur fyrir því að orkufyrirtæki héldu áfram undanþágu frá lögbundnum tekjustofni sveitarfélaga. Sveitarstjórn vill að sérstaklega sé tekið fram í mati á áhrifum lagasetningarinnar að orkufyrirtækin hafa verið undanskilin greiðslu fasteignaskatts af orkumannvirkjum, sem er lögbundinn tekjustofn sveitarfélaga, á grundvelli undanþágu. **Því er ekki um nýja tekjuöflun fyrir sveitarfélög að ræða, heldur á loks að skila sveitarfélögum lögbundnum tekjustofni sínum sem fasteignaskattar eru.**

Í lið C 1, er tekið fram að hækkun skatta á orkuframleiðslu kunni að hafa í för með sér hærri orkukostnað almennings og fyrirtækja.

Sveitarstjórn mótmælir þeirri fullyrðingu að fyrirhuguð lagabreyting kunni að hafa í för með sér hærri orkukostnað almennings og fyrirtækja. Núverandi lagaumgjörð hefur verið helsti áhrifavaldur hækkunar á verði raforku. Á síðustu tveimur árum hefur verð á raforku hækkað um 28% á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur einungis hækkað um 10,2%. Verð á kílówattstund raforku er í dag á bilinu 9,87-12,97 kr. sem þýðir að verð á kílówattstund hefur hækkað um u.þ.b. 2,16-2,84 kr á síðustu tveimur árum. Ef farið verður að tillögum samtaka orkusveitarfélaga um að orkuframleiðendur greiði 0,7% fasteignaskatt af orkumannvirkjum, þá myndi það þýða fasteignaskatt á orkumannvirki á Íslandi að upphæð 9,5 milljarða á ári. Yrði þessari hækkun fasteignaskatts velt að fullu út í verðlag á raforku, miðað við ársframleiðslu 2023, sem var 20.237 GWst myndi það þýða verðhækkun upp á **0,47 krónur á kílówattstund**. Ljóst er að ef lagaumgjörð raforkumála hefði tryggt stöðugan raforkumarkað fyrir almenning og minni fyrirtæki, raforkuverð hefði haldist í hendur við verðlag og orkufyrirtæki hefðu byrjað að greiða 0,7% fasteignaskatt af orkumannvirkjum til sveitarfélaganna **þá væri verð á kílówattstund 8,96-11,63 krónur eða um 10% ódýrara en það er í dag.** Til þess að tryggja hagkvæmt verð á rafmagni til einstaklinga og fyrirtækja er mikilvægast að tryggja sterka lagaumgjörð með hag neytenda að leiðarljósi á sama tíma og ríki og sveitarfélög fá sína lögbundnu tekjustofna.

Varðandi þau álitaefni sem koma fram í samráðsgáttinni sem þarf að huga að svo hægt sé að leggja fasteignaskatt á rafveitur, þá vill sveitarstjórn koma eftifarandi á framfæri.

Hvernig skal ákvarða fasteignamat rafveitna ?

Sveitarstjórn styður að farin sé sú leið að meta rafveitur með heildstæðum hætti á gangvirði og stuðst verði við tekjumat þeirra sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001. Sveitarstjórn vill hrósa innviðaráðuneytinu fyrir sérstaklega góða framsetningu gagna í reiknilíkani því sem birt hefur verið. Mikilvægt er þó að forsendur fasteignamatsins sem kemur fram í reiknilíkaninu verði birtar sem fyrst, því að mati sveitarstjórnar er verulegt ósamræmi á fasteignamati núverandi virkjana sem birtast í reiknilíkaninu. Mikilvægt er að leggja af stað með réttar forsendur og því óskar sveitarstjórn eftir að fá að leggja mat á aðferðirnar og forsendurnar sem liggja að baki fasteignamatsstofninum í reiknilíkaninu.

Álagning fasteignaskatts og dreifing fasteignaskattstekna af rafveitum milli sveitarfélaga.
Sveitarstjórn tekur vel í þær útfærslur sem kynntar eru í áformaskjalinu og koma fram í reiknilíkaninu. Að mati sveitarstjórnar væri æskilegt að horfa til 50% vægis stöðvarhúss á móti 50% vægis áhrifasvæðis. Skýra þurfi nánar forsendur áhrifasvæðis í reiknilíkaninu þegar samspil margra uppistöðulóna og virkjana á sér stað eins og á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu þar sem sama vatnið er virkjað endurtekið á leið til sjávar.

Hvernig fer þegar um fámenn sveitarfélög er að ræða og nýjar fasteignaskattstekjur verða til þess að þau verði langt um tekjuhærri á hvern íbúa en önnur sveitarfélög ?
Í fyrstu vill sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps árétta hvert úrlausnarefni fyrirhugaðar lagasetningar er samkvæmt áformaskjalinu, en það er að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi vegna raforkuframleiðslu. Í lið B 1 í áformaskjalinu kemur fram að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 er m.a. stefnt að því að stærri hluti tekna af orkumannvirkjum renni til nærsamfélags. Í orkustefnu Íslands til ársins 2050 er stefnt að því að samfélagslegur ábati af orkuauðlindum verði hámarkaður og þjóðin njóti ávinnings af því. Í stefnunni kemur einnig fram, eins og rakið er að ofan, að **sanngjarnt er að nærsamfélög (sveitarfélög) njóti ávinnings þeirrar orkuvinnslu sem á sér stað í grennd við íbúa og að tryggja þurfi réttláta skiptingu hans milli þeirra nærsamfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu.**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur heils hugar undir þessi markmið og mikilvægt er að fyrirhuguð lagasetning nái þeim markmiðum, enda mun sanngjarn ávinningur einungis leiða til þess að fleiri sveitarfélög á landsbyggðinni verði fjárhagslega sjálfstæð og geti byggt upp samkeppnishæf búsetuskilyrði.
Sveitarstjórn styður þá útfærslu sem sett er fram í áformaskjalinu um að tekjur sveitarfélaga af fasteignagjöldum orkumannvirkja verði skert umfram ákveðið hámark á hvern íbúa sveitarfélagsins og að tekjur umfram það hámark verði með ákveðnum jaðartekjum. Þegar skerðingarmörkin eru ákveðin er mikilvægt að hafa í huga markmið fyrirhugaðar lagasetningar sem kemur fram í lið A 2 í áformaskjalinu, að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi vegna raforkuframleiðslu.
Þegar kemur að því að ákveða hverjar hámarkstekjur fasteignaskattstekna vegna rafveitna á hvern íbúa sveitarfélagsins eigi að vera, þá er mikilvægt að slík upphæð verði ákveðin á grundvelli tölfræðilegra staðreynda og að markmið lagasetningarinnar náist, þ.e.a.s. að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi vegna raforkuframleiðslu.
Árið 2025 verða tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignagjöldum stöðvarhúsa orkumannvirkja 278,4 milljónir eða 451.286 kr. pr. hvern íbúa. Miðað við útgefið fasteignamat fyrir árið 2026 og núverandi íbúafjölda sveitarfélagsins verða tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignagjöldum stöðvarhúsa orkumannvirkja 302, 3 milljónir fyrir árið 2026 eða 489.963 kr. á hvern íbúa. Auknar tekjur pr. íbúa í fámennum sveitarfélögum hafa mikil áhrif á framlög jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga. Á árinu 2024 fékk Skeiða- og Gnúpverjahreppur 158.243.330 kr. í greiðslur frá Jöfnunarsjóði eða 267.755 kr. á hvern íbúa, eins og sjá má í töflu 1. 43 sveitarfélög fengu hærri greiðslur pr. íbúa frá jöfnunarsjóði en Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Til að setja greiðslur jöfnunarsjóðs í samhengi, má sjá hér í töflu að neðan framlög jöfnunarsjóðs fyrir árið 2024, heildarframlög á sveitarfélag og miðað við framlög pr. íbúa. Þar eru þrjú sveitarfélög sem fá yfir eina milljón króna pr. íbúa í framlög frá jöfnunarsjóði. Til að gæta jafnræðis væri því sanngjarnt að tekjur úr D skatti orkumannvirkja,

áður en til skerðingar kemur, verði ekki lægri upphæð en hæstu greiðslur jöfnunarsjóðs pr. íbúa til einstakra sveitarfélaga.

Nr	Sveitarfélag	Íbúafj.	Framlög jöfn.sj.	pr.íbúa
1	Skagabyggð	86	148.859.531	1.730.925
2	Langanesbyggð	540	580.285.407	1.074.603
3	Reykhólahreppur	236	238.867.964	1.012.152
4	Súðavíkurhreppur	219	172.481.968	787.589
5	Eyja- og Miklaholtshrepp.	123	95.662.765	777.746
6	Tjörneshreppur	52	36.870.245	709.043
7	Vesturbyggð	1.106	730.181.819	660.201
8	Strandabyggð	414	263.375.413	636.172
9	Kaldrananeshreppur	104	63.488.048	610.462
10	Húnabyggð	1.263	749.382.227	593.335
11	Dalabyggð	642	370.311.942	576.810
12	Húnaþing Vestra	1.212	655.479.462	540.825
13	Eyjafjarðarsveit	1.162	604.167.804	519.938
14	Flóahreppur	699	356.204.659	509.592
15	Stykkishólmsbær	1.266	636.129.041	502.472
16	Grundarfjarðarbær	821	409.220.410	498.441
17	Grýtubakkahreppur	396	195.537.611	493.782
18	Sveitarfélagið Skagastr.	457	223.308.497	488.640
19	Vopnafjarðarhreppur	650	317.402.347	488.311
20	Svalbarðsstrandarhrepp.	491	233.227.985	475.006
21	Múlaþing	5.177	2.363.835.871	456.603
22	Tálknafjarðarhreppur	250	113.829.993	455.320
23	Þingeyjarsveit	1.410	632.921.245	448.880
24	Hörgársveit	791	353.002.485	446.274
25	Skagafjörður	4.276	1.791.831.089	419.044
26	Dalvíkurbyggð	1.866	777.437.191	416.633
27	Bolungarvíkurkaupstaður	989	408.274.405	412.815
28	Snæfellsbær	1.617	650.798.082	402.473
29	Ísafjarðarbær	3.797	1.468.802.447	386.832
30	Borgarbyggð	4.100	1.576.820.000	384.590
31	Skaftárhreppur	620	231.861.454	373.970
32	Norðurþing	3.081	1.097.139.316	356.098
33	Suðurnesjabær	3.879	1.377.017.135	354.993
34	Sveitarfélagið Vogar	1.500	515.936.485	343.958
35	Sveitarfélagið Hornarfjörður	2.487	834.156.438	335.407
36	Árneshreppur	53	17.608.061	332.228
37	Rangárþing Eystra	2.007	639.288.936	318.530
38	Grindavíkurbær	3.579	1.132.824.171	316.520
39	Rangárþing Ytra	1.867	583.618.319	312.597
40	Hrunamannahreppur	865	260.655.421	301.336
41	Bláskógabyggð	1.322	385.653.415	291.720
42	Sveitarfélagið Ölfus	2.631	751.366.320	285.582
43	Hveragerðisbær	3.265	906.741.687	277.716
44	Skeiða- og Gnúpverjahrepp.	591	158.243.330	267.755
45	Fjarðabyggð	5.163	1.275.380.208	247.023
46	Ásahreppur	293	70.062.909	239.123
47	Vestmannaeyjarbær	4.444	909.375.482	204.630
48	Mýrdalshreppur	881	163.046.687	185.070
49	Akraneskaupstaður	8.071	1.444.009.408	178.913
50	Sveitarfélagið Árborg	11.565	1.989.036.334	171.988
51	Akureyrarkaupstaður	19.812	2.630.184.015	132.757
52	Mosfellsbær	13.403	1.661.847.053	123.991
53	Reykjanesbær	21.957	2.637.849.041	120.137
54	Kjósarhreppur	269	28.879.406	107.358
55	Seltjarnarneskaupstaður	4.572	398.333.934	87.125
56	Hafnarfjarðarkaupstaður	30.616	2.201.412.536	71.904
57	Garðabær	19.088	1.192.290.789	62.463
58	Reykjavíkurborg	136.894	3.556.853.658	25.983
59	Skorradalshreppur	52	429.208	8.254
60	Hvalfjarðarsveit	727	4.929.371	6.780
61	Grímsnes- og Grafningshr.	539	3.427.159	6.358
62	Fljótsdalshreppur	95	43.814	461

Tafla 1. Tekjur sveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði, raðað eftir tekjum pr. íbúa. Taflan sýnir einnig íbúafjölda sveitarfélaga og heildargreiðslur jöfnunarsjóðs til hvers sveitarfélags.

Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 4/1995 kemur fram að ekki skuli úthluta framlögum úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaga þar sem samanlagðar heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa, miðað við fullnýtingu tekjustofna þeirra eru 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki. Sú regla leiðir til þess að auknar tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af orkumannvirkjum munu orsaka það að sveitarfélagið mun missa öll framlög jöfnunarsjóðs, sem á árinu 2024 var 158.243.330 kr. eða 267.755 kr. á hvern íbúa. Öll núverandi framlög jöfnunarsjóðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps munu því renna til annarra sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóð við aukningu tekna Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna fasteignaskatta á orkumannvirki. Því er ljóst að þegar skerðingarmörk verða ákveðin þarf að taka tillit til þess tekjutaps sem verður við það að sveitarfélagið missi framlög jöfnunarsjóðs, að öðrum kosti næst ekki markmið áformaðrar lagasetningar um aukinn ávinning til

nærsamfélags. Í núverandi lagaumgjörð má gera ráð fyrir að tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignagjöldum stöðvarhúsa virkjana ásamt framlögum frá jöfnunarsjóði verði á árinu 2026 á milli 760-800 þúsund pr. íbúa. **Því er ljóst að ef skerðingarmörk verða undir 800 þúsund kr. pr. íbúa mun markmið frumvarpsins um að nærsamfélagið njóti aukins ávinnings af orkuframleiðslu ekki ná fram að ganga fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp.**
Einnig vill sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps benda á þá staðreynd er varðar skekkjuna sem núverandi lagaumgjörð viðheldur, en fasteignir stórnotenda raforku eru ekki undanþegnar fasteignamati. Í tilfelli Hvalfjarðarsveitar þýðir það að tekjur af stóriðjunni sem notar tæplega það magn af orku sem framleitt er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru tvöfalt hærri en tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af virkjununum sem búa til orkuna. Því er mikilvægt að gæta jafnræðis og ekki boðlegt að skerðingarmörkin verði lægri upphæð á hvern íbúa heldur en núverandi tekjur Hvalfjarðarsveitar af stóriðjunni. Sjá má nánari útskýringu á meðfylgjandi skýringarmynd:



Til að gæta jafnræðis þurfa hámarkstekjur per íbúa af nýjum D skatti orkumannvirkja áður en til skerðingar kemur að vera ekki lægri en 812 þúsund, en til að gæta sanngirni og tryggja að markmið áformanna um að nærsamfélagið njóti ávinnings væri æskilegt að mörkin væru á milli 900-1.100 þúsund per íbúa áður en skerðing í veldinu 0,88 tekur við. Einnig þyrftu að vera skýr ákvæði í lögunum um vísitölutengingu skerðingarmarkanna.

Hver á álagningarprósenta nýs fasteignaskatts orkumannvirkja að vera ?
Mikilvægt er að horfa til þess hver núverandi hámarks álagning er heimil hjá sveitarfélögum að leggja skatt á fasteignir. Í dag eru þær eftirfarandi:

A = íbúðarhús og sumarhús = 0,5% (heimild í 0,625%)
B = Opinberar byggingar = 1,32%
C = Atvinnuhúsnæði = 1,65%

Mörg sveitarfélög á íslandi eru með C skattinn í hámarks álagningu, 1,65%. Hafa skal í huga að orkufyrirtæki eru eins og hver önnur fyrirtæki og borga sömu skatta og önnur fyrirtæki. Hingað til hafa þau greitt 1,65% af stöðvarhúsunum en orkumannvirkið í heild, sem samkvæmt lögum hefur verið undanþegið fasteignamatsskyldu, hefur verið undanþegið fasteignasköttum. Þegar undanþágan verður felld úr gildi með boðuðum lögum, þá er mikilvægt að horfa til þess hvað er eðlilegt að orkufyrirtæki fái mikinn afslátt frá hámarksálagningu annarra fyrirtækja. Tillögur samtaka orkusveitarfélaga er að nýr **D skattflokkur orkumannvirkja hafi hámarks álagningarprósentu 0,7%** sem er sambærilegt og í Noregi. Þó greiða orkufyrirtæki í Noregi fleiri skatta af orkuframleiðslu, eins og auðlindagjald sem ekki er við lýði á Íslandi. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps styður tillögur samtaka orkusveitarfélaga um að nýr D skattflokkur orkumannvirkja verði 0,7%, (sem er 57,6% lægra en önnur fyrirtæki greiða í fasteignaskatta). Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill árétta að engin rök séu fyrir því að orkufyrirtæki greiði lægri álagningarprósentu en almenningur, en hámarks álagning á íbúðarhús er 0,5% og heimilt er að hækka hana í 0,625%. Því eru sterk rök fyrir því að sanngjarnt sé að orkufyrirtæki greiði 0,7%, örlítið hærri álagningarprósentu en almenningur greiðir fyrir íbúðarhús og sumarhús.
Sveitarstjórn ítrekar eins og fram kemur í upphafi þessarar umsagnar ***að 0,7% fasteignaskattur á orkumannvirki,*** *sem eru að verðmæti 1.358 milljarðar eins og fram kemur í áhrifaskjalinu sem fylgir í samráðsgáttinni, er ekki nema* ***0,47 krónur á framleidda kílówattstund.*** *Meðal heimili á Íslandi notar um 5.000 KW/st á ári og er því hækkunin að valda* ***kostnaðarhækkun fyrir meðal heimili á Íslandi að upphæð 2.350 kr. á ári.***

Innheimta fasteignaskatta
Lagt er til að innheimta fasteignaskatta verði gerð af þriðja aðila. Að mati sveitarstjórnar er engin þörf á að setja innheimtuna í hendur þriðja aðila þar sem sveitarfélögin eru fullfær um að sjá um innheimtu fasteignaskatta eins og þau gera í dag. Í þeim tilfellum þar sem orkumannvirki skiptast á mörg sveitarfélög, þá mun ávallt liggja fyrir hvert hlutfall orkumannvirkisins er í hverju sveitarfélagi fyrir sig og því ekki vandamál að hvert sveitarfélag innheimti sjálft sína hlutdeild í fasteignagjöldum orkumannvirkisins þegar fasteignamatsstofninn liggur fyrir. Að setja innheimtuna í hendur þriðja aðila eykur kostnað sem lendir á sveitarfélögunum. Í þeim tilfellum sem skerðingar koma á fámennari sveitarfélög er einfalt að sveitarfélögin skili þeim fjármunum til jöfnunarsjóðs í samræmi við lög og reglur.

Flutningskerfi raforku
Sérstaklega er tekið fram að fyrirhuguð lagabreyting eigi eingöngu við um orkumannvirki en ekki flutningskerfi raforku. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir fyrirvara um að viðhalda undanþágu fyrir flutningskerfi raforku. Flutningsmannvirki raforku hafa mikil áhrif á nærumhverfi sitt, takmarka aðra landnotkun og hafa í mörgum tilfellum áhrif á fasteignaverð til lækkunar, sem þýðir lægri tekjur sveitarfélaga. Því verða sveitarfélög um allt land fyrir beinu tekjutapi með flutningskerfi raforku og mikilvægt að hugað verði að því að fella undanþágu flutningskerfis raforku frá fasteignamatsskyldu í beinu framhaldi af því að búið verði að fella undanþáguna frá orkumannvirkjum niður.

Að lokum vill sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps árétta að uppbygging grænnar orkuvinnslu er samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin og þingmenn Alþingis þurfa að gera sér grein fyrir því að ekki verður unnt að halda áfram uppbyggingu frekari orkuvinnslu í núverandi skattaumhverfi og treystir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á það að boðaðar breytingar í skattlagningu orkumannvirkja verði til þess að skapa sátt við nærumhverfi orkuvinnslu í framtíðinni. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um aukna græna orkuvinnslu mun leggja grunninn að fullum orkuskiptum og efnahagslegu sjálfstæði Íslands í orkumálum til framtíðar.

Meðfylgjandi er umsögn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 18. desember 2023 um endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar, mál nr. 254/2023 en í umsögninni er ítarlega fjallað um núverandi skattaumgjörð orkuvinnslu á Íslandi og hvernig hún getur valdið Skeiða- og Gnúpverjahreppi fjárhagslegu tjóni. Benda má sérstaklega á að tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fyrirhugaðri Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í núverandi skattaumhverfi eru engar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson, oddviti
Bjarni H. Ásbjörnsson, vara oddviti
Vilborg Ástráðsdóttir
Gunnar Örn Marteinsson
Axel Á. Njarðvík

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 804 Selfoss, Sími: 486 6100, skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

Árnesi 18. desember 2023

Málsnúmer: M202312-0113

Umsögn um endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar. Mál nr. 254/2023.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill þakka fyrir tækifærið til að koma fram athugasemdum við drög að tillögum um mat og flokkun á virkjunarkostunum Héraðsvötn, Skrokkölduvirkjun, Kjalölduveitu, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.

Í greinargerð faghóps 3 um virkjanir í neðri hluta Þjórsár er farið yfir nokkur álitamál um áhrif virkjana og virkjanaframkvæmda á nærsamfélagið. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill koma því skýrt á framfæri að ef nærsamfélag virkjananna hefði sanngjarnan efnahagslegan ávinning af núverandi rekstri þeirra á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu þá væru þau með allt öðrum hætti í dag. Frá stofnun Landsvirkjunar hefur u.þ.b. 35% af allri raforkuframleiðslu Landsvirkjunar farið fram í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það helgast að megninu til af því að Búrfellsvirkjun er staðsett í sveitarfélaginu og var fyrsta stóra vatnsaflsvirkjunin á Íslandi. Búrfellsvirkjun hóf að framleiða rafmagn árið 1969. Sultartangastöð var önnur stóra vatnsaflsvirkjunin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og var hún gangsett árið 1999. Tvær vindmyllur voru gangsettar árið 2013 á Hafinu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og markar það upphafið af vindorkuframleiðslu Landsvirkjunar. Búrfellsvirkjun II var þriðja stóra vatnsaflsvirkjunin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og var hún gangsett árið 2018. Samanlagt uppsett afl virkjananna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er því um 500 MW. Núverandi raforkuframleiðsla í sveitarfélaginu dugar því meira en öllum heimilum og fyrirtækjum á Íslandi, að undanskildri stóriðjunni.

Í ljósi gríðarlegra verðmæta sem raforkuframleiðslan í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur skapað fyrir þjóðarbúið þá mætti ætla að þar hefði byggst upp fjöldi starfa og orðið til öflugt samfélag sem byggir á verðmætasköpun. Slíkt er þó ekki raunin sökum þess hvernig uppbyggingu raforkuframleiðslu á Íslandi hefur verið háttað sem og þeirri lagalegu umgjörð sem er um framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu á rafmagni. Uppbygging virkjana og flutningsmannvirkja kallar á gríðarlegt inngrip í náttúruna og nærsamfélagið. Ekki er hægt að nýta landsvæði sem fer undir virkjanir eða flutningslínur undir aðra starfsemi. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi liggja um 5% af öllum háspennulínum á Íslandi. Staðreyndir sem koma fram í þessari umsögn sýna fram á það að beint fjárhagslegt tap er af starfseminni og eru því samfélagsleg áhrif orkuvinnslu gríðarlega neikvæð.

Sveitarfélögum á Íslandi eru markaðir þrír tekjustofnar samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, þ.e. útsvar, fasteignaskattur og úthlutuð framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Mikilvægt er að fjalla um þessa þrjá tekjustofna og sýna fram á hvernig núverandi lagaumgjörð orsakar beint fjárhagslegt tjón fyrir þau sveitarfélög sem hafa orkumannvirki. Mjög fá störf skila sér í nærumhverfið og öll orkumannvirki eru undanþegin fasteignasköttum, nema

stöðvarhúsin. Það þýðir að ávinningurinn er mjög takmarkaður, eða eins og í tilfelli Skeiða- og Gnúpverjahrepps, beint fjárhagslegt tap.

Útsvar

Útsvar er veigamesti tekjustofn sveitarfélaganna og stóð undir 69% af lögboðnum skatttekjum þeirra á Íslandi árið 2022.

Við uppbyggingu samfélaga skiptir einna mestu máli að hún skili staðbundnum störfum því þau skila mestum ávinningi í nærsamfélagið og skapa mestu tekjurnar fyrir sveitarfélög. Tekjur af útsvari stuðla að því að samfélög byggjast upp. Uppbygging raforkuframleiðslu á Íslandi hefur verið á þann veg að þungi allra starfa er á höfuðborgarsvæðinu, þá sérstaklega verðmætustu störfin. Þar eru höfuðstöðvar allra ríkisfyrirtækjanna, Landsvirkjunar, Landsnets og Rarik. Sökum þess verður megnið af afleiddum störfunum á höfuðborgarsvæðinu og hlaupa þau á hundruðum.

Rafmagn er framleitt á landsbyggðinni. Flutningskerfi raforku í háspennulínum eru um 3.350 km að lengd og eru að langstærstum hluta til á landsbyggðinni. Rarik sér um dreifikerfi rafmagns á stórum hluta landsbyggðarinnar en rekur ekkert dreifikerfi á höfuðborgarsvæðinu. Hjá Landsvirkjun, Landsneti og Rarik starfa samtals um 700 manns og afleidd störf hlaupa á hundruðum. Gera má ráð fyrir að fjöldi starfa, bein og afleidd störf séu því á annað þúsund. Starfsemi þessara þriggja stærstu orkufyrirtækja landsins, sem eru í eigu þjóðarinnar, er öll á landsbyggðinni. Þrátt fyrir það eru höfuðstöðvar allra fyrirtækjanna á höfuðborgarsvæðinu og hefur stærsti hluti starfanna verði byggður upp þar. Þann 16. ágúst 2023 bókaði sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps áskorun til ríkisstjórnarinnar, stjórnar Landsvirkjunar, stjórnar Landsnets og stjórnar Rarik og hvatti þau til að hefja stefnumótun þar sem höfuðstöðvar orkufyrirtækjanna í eigu ríkisins verði í nærumhverfi orkuvinnslunnar.

Þann 25. ágúst barst svar frá stjórn Rarik. Þrátt fyrir að meirihluti starfsmanna Rarik starfi á landsbyggðinni við að reka og viðhalda dreifikerfinu, telur stjórn Rarik að flutningur á starfsemi skrifstofu frá Reykjavík myndi hafa neikvæð áhrif á starfsemina og þjónustuna við viðskiptavini Rarik.

30. október 2023 barst svar frá stjórn Landsnets. Það er mat stjórnar Landsnets að flutningur höfuðstöðva frá Reykjavík gæti haft neikvæð áhrif á starfsemi fyrirtækisins og orkuöryggi ásamt því að skerða þjónustu við núverandi og væntanlega viðskiptavini.

Ekki hafa enn borist svör frá stjórn Landsvirkjunar og ekki hefur ríkisstjórnin aðhafst í málinu sem eigandi fyrirtækjanna allra.

Ljóst er að það er ekki vilji orkufyrirtækjanna til að færa höfuðstöðvarnar til nærumhverfis orkuvinnslunnar, þar sem öll þeirra starfsemi og verðmætasköpun fer fram. Sú staðreynd staðfestir að stærsti hluti útsvarstekna sem verður til við orkuvinnslu á Íslandi mun ekki renna til nærumhverfisins í náinni framtíð.

Ef höfuðstöðvar Landsvirkjunar, Landsnets og Rarik hefðu í upphafi verið byggðar upp á landsbyggðinni þá hefðu byggst upp öflug starfsemi og samfélög í nærumhverfi orkuvinnslunnar og efnahagslegur ávinningur þess hefði orðið gríðarlegur síðustu áratugina.

Staðreyndirnar sýna að ávinningur nærsamfélagsins af orkuvinnslu er mjög takmarkaður og allur efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er notuð.

Fasteignaskattar

Fasteignaskattar stóðu undir um 15% af lögboðnum skatttekjum sveitarfélaganna árið 2022.

Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 5/1995 kemur fram í 3. gr. að leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt fasteignaskrá.

Samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 kemur fram í 3. gr. að fasteign samkvæmt lögum þessum er afmarkaður hluti lands, ásamt lífrænum og ólífrænum hlutum þess, réttindum sem því fylgja og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Samkvæmt lögunum er því alveg skýrt að öll orkumannvirki, stíflur, aðrennslisgöng, frárennslisskurðir, spennistöðvar, lokumannvirki, fallgöng, stöðvarhús og öll önnur mannvirki sem þarf til að byggja og starfrækja virkjun flokkast sem fasteign.

Samkvæmt 26. gr. laganna um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 eru tilteknar eignir sem eru undanþegnar fasteignamati. Í 3. tölulið kemur fram að rafveitur, þar á meðal línur til flutnings raforku ásamt burðarstólpum og spennistöðvum skuli vera undanþegin fasteignamati. Meta skal eftir venjulegum reglum hús, sem reist eru yfir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir er þau standa á. Undanþágan hefur leitt til þess að orkumannvirki eru ekki metin til fasteignamats, einungis stöðvarhús virkjana. Öll orkumannvirki hafa því verið undanþegin lögboðnum tekjustofni sveitarfélaga frá 1963. Sú undanþága var sett í lög til þess að byggja upp raforkukerfið sem við þekkjum á Íslandi í dag. Forsenda undanþágunnar var að orkuvinnsla skilaði ekki arði heldur væri þjóðhagslega mikilvægur innviður. Árið 2003 var raforkulögum breytt og framleiðsla og sala á raforku var gerð að samkeppnismarkaði. Sett var arðsemiskrafa á framleiðslu og sölu á orku. Frá þeim tímapunkti voru því forsendur undanþágunnar frá fasteignamati brostnar.

Árið 2016 skipaði Innanríkisráðuneytið starfshóp sem fékk það hlutverk að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem eru byggð í þeim tilgangi að framleiða eða flytja raforku. Hópnum var ætlað að varpa heildstæðu ljósi á skattlagningu orkumannvirkja og á grundvelli þeirrar vinnu væri hægt að taka afstöðu til þeirra álitamála sem hún varpaði á. Starfshópurinn fékk Þjóðskrá Íslands til að meta virði orkumannvirkja á Íslandi og var niðurstaða sú að verðmæti orkumannvirkja á Íslandi væru 973 milljarðar á verðlagi þess tíma. Af þeirri upphæð voru stöðvarhús 43 milljarðar eða innan við 5% af heildarverðmæti orkumannvirkja, en stöðvarhúsin eru einu mannvirkin sem bera fasteignamat og greitt eru af fasteignaskattar til sveitarfélaga.

Við lok vinnu starfshópsins var afstaða fjármálaráðuneytisins skýr, að um öll orkumannvirki skuli gilda sama skattskylda og um önnur mannvirki, þ.e. að þær einstöku tegundir fasteigna sem ekki eru háðar fasteignamati í dag ættu ekki að geta komist undan því að greiða fasteignaskatt. Mikil andstaða kom frá Samorku gegn breytingum, þar sem Landsvirkjun hefur mest vægi, og má draga þá ályktun að það hafi komið í veg fyrir breytingar á skattaumhverfinu á þeim tíma. Þá skal hafa í huga að fjármálaráðuneytið fer með hlutabréfaeign ríkisins í

Landsvirkjun og það var skýr afstaða eigenda Landsvirkjunar að fella niður undanþágur frá fasteignagjöldum.

Starfshópurinn skilaði engri niðurstöðu og engar breytingar voru gerðar á skattaumhverfi orkuvinnslu á þessum tíma þrátt fyrir skýra afstöðu fjármálaráðuneytisins um að sama skattskylda skuli gilda um orkumannvirki eins og um öll önnur mannvirki.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stóð undir um 16% af lögboðnum skatttekjum sveitarfélaga árið 2022.

Jöfnunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki fyrir minni sveitarfélög á landsbyggðinni til þess að halda úti lögbundinni þjónustu í dreifbýli. Greiðslur úr jöfnunarsjóði eru reiknaðar út frá meðaltekjum á hvern íbúa í þeim stærðarflokki sem sveitarfélögin tilheyra.

Árið 2022 greiddi Landsvirkjun rúmlega 241 milljón í fasteignagjöld til Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna stöðvarhúsa þeirra virkjana sem eru í sveitarfélaginu, ásamt öðrum húsum á starfsstöð í Búrfelli. Þar sem takmörkuð störf fylgja í nærumhverfi orkuvinnslu, þá eru einungis 7 íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að störfum hjá Landsvirkjun, Landsneti og Rarik. Það þýðir að fasteignagjöldin af stöðvarhúsunum hækka meðaltekjur íbúa í sveitarfélaginu sem veldur miklum skerðingum frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga. KPGM greindi hver fjárhagsleg áhrif Landsvirkjunar á Skeiða- og Gnúpverjahrepp væru og má sjá skýrt á meðfylgjandi súluriti hversu neikvæð áhrifin geta orðið á fjárhag sveitarfélagsins.



Myndin sýnir samspil tekna Skeiða- og Gnúpverjahrepps af tekjum af fasteignasköttum og framlögum jöfnunarsjóðs á árinu 2022. Lengst til vinstri er staðan eins og hún var árið 2022 og súlan lengst til vinstri inniheldur 100% af þeim fasteignagjöldum sem Landsvirkjun greiddi árið

2022, samtals 241 milljón. Súlan lengst til hægri sýnir samspil tekna miðað við það að Landsvirkjun hefði enga starfsemi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og greiddi þar af leiðandi enga skatta til Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Súlurnar á milli, frá 10% upp í 90% sýna svo hvernig samspil jöfnunarsjóðs breytist með auknum tekjum af fasteignaskatti frá Landsvirkjun. Ef súlurnar eru undir rauðu línunni, þá er beint fjárhagslegt tap af starfsemi Landsvirkjunar. Græna línan efst í myndinni sýnir hvert hlutfall meðaltekna sveitarfélagsins er miðað við önnur sveitarfélög í sama stærðarflokki. Útgjaldaframlag jöfnunarsjóðs byrjar að skerðast ef meðaltekjur fara yfir 4% af meðaltekjum sveitarfélaga í sama stærðarflokki og falla út að fullu þegar meðaltekjur fara yfir 23%. Ef meðaltekjur af fasteignagjöldum og útsvari fer yfir 50% af meðaltekjum sveitarfélaga í sama stærðarflokki, þá falla niður öll framlög jöfnunarsjóðs. Eins og sjá má á útreikningum KPMG eru tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignaskatti og framlögum jöfnunarsjóðs miðað við það að Landsvirkjun greiði engin fasteignagjöld 362 milljónir. Við það að rjúfa 50% skerðingarmarkið, þá falla allar greiðslur jöfnunarsjóðs niður (þær sem eru í rauða kassanum á 100% súlunni lengst til vinstri á myndinni) og tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps af fasteignagjöldum og jöfnunarsjóði verða samtals 329 milljónir. Beint fjárhagslegt tap sveitarfélagsins er því 33 milljónir. Því til viðbótar er Skeiða- og Gnúpverjahreppur aðili að Brunavörnum Árnesinga og greiðir til reksturs þeirra í samræmi við brunabótamat fasteigna í sveitarfélaginu. Stöðvarhús virkjana Landsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru 43% af brunabótamati allra eigna í sveitarfélaginu. Það leiðir til þess að beinn kostnaður sveitarfélagsins við brunavarnir virkjana á árinu 2022 var um 10 milljónir.

Beint fjárhagslegt tap Skeiða- og Gnúpverjahrepps af starfsemi Landsvirkjunar á árinu 2022 getur því verið allt að 43 milljónir króna samkvæmt útreikningum KPGM. Nokkuð ljóst er að uppsafnaður kostnaður samfélagsins í Skeiða- og Gnúpverjahreppi síðustu áratugi hleypur því á milljörðum enda hefur ekki átt sér stað nein raunveruleg uppbygging innviða í sveitarfélaginu um áratuga skeið.

Sveitarstjórnarlög

Samkvæmt 2. mgr. 7.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011 skulu sveitarfélög vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. sömu laga skal sveitarstjórn sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að viðeigandi reglum sé fylgt í störfum sveitarfélagsins. Í 2. mgr. 24. gr. kemur fram að sveitarstjórnarmönnum beri að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi. Sveitarstjórnarmönnum beri í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum. Í VII. kafla laganna eru ítarleg ákvæði um fjármál sveitarfélaga. Í 1. mgr. 64. gr. kemur m.a. fram að sveitarstjórn beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Í 1. mgr. 65. gr. kemur fram að sveitarstjórn skuli gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins m.a. við varðveislu þeirra.

Stjórnsýsla sveitarfélaga er lögbundin. Af því leiðir að þegar kemur að afgreiðslu leyfa ber sveitarfélaginu að fara að lögum við afgreiðslu slíkrar umsóknar. Niðurstaða sveitarfélagsins verður að byggja á lögmætum og málefnalegum sjónarmiðum. Mörg mismunandi sjónarmið

kunna að koma til skoðunar við afgreiðslu hvers máls sem sveitarfélaginu ber að líta til og vega og meta hverju sinni.

Eitt þeirra sjónarmiða sem til skoðunar hlýtur að koma er hvaða áhrif viðkomandi leyfisveiting hefur á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. t.d. umfjöllun að framan um ákvæði sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmönnum ber að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins þó þeim beri einnig að horfa til almannahagsmuna sbr. 2. mgr. 24. gr. Vega og meta verður greinda hagsmuni með hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki. Áhrif á fjárhag sveitarfélagsins og þar með velferð íbúanna hlýtur alltaf að vega þungt.

Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (Rammaáætlun)

Með setningu laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 var skipulagsvaldið tekið af sveitarfélögum er tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem hafa uppsett rafafl 10 MW eða meira eða uppsett varmaafl 50 MW eða meira. Í 7. gr. laganna kemur fram að verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr. Einnig kemur fram í 7. gr. laganna að sveitarstjórnum er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og orkunýtingaráætlun. Sveitarstjórn getur þó óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess að fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun enda séu fyrir því gildar ástæður.

Þann 8. júní 2023 nýtti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá heimild í 7.gr. laganna um að fara fram á frestun Búrfellslundar. Sú heimild hefur aldrei áður verið nýtt og lágu fyrir því þrjár megin ástæður:

> *Lagaleg umgjörð um vindorku á Íslandi hefur ekki verið sett og á meðan svo er telur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ekki tímabært að sveitarfélög afgreiði tillögur til breytinga á aðal- og deiliskipulagi vegna vindorkugarða, sem geta takmarkað möguleika sveitarfélaganna til annarrar atvinnuuppbyggingar.*
>
> *Til þess að hægt verði að breyta aðal- og deiliskipulagi sveitarfélaga, vegna frekari orkuvinnslu, þarf að tryggja með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína njóti efnahagslegs ávinnings af hagnýtingu hennar. Það mun styrkja byggð um land allt þar sem orkan verður til.*
>
> *Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.*

Að fara fram á frestun á innleiðingu Búrfellslundar í skipulag var neyðaraðgerð til þess að tryggja að orkuvinnsla í sveitarfélaginu valdi ekki frekara fjárhagslegu tjóni fyrir sveitarfélagið eins og gerist í núverandi lagaumgjörð.

Árnesi, 804 Selfoss, Sími: 486 6100, skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

Niðurlag

Þegar mat er lagt á samfélagsleg áhrif virkjana er mikilvægt að vinna með tölfræðilegar staðreyndir. Hefðu allir viðmælendur faghóps 3 fengið ofangreindar upplýsingar sem byggjast á tölulegum staðreyndum er nokkuð ljóst að niðurstöður faghóps 3 hefðu verið allt aðrar og neikvæðari. Í áratugi hefur skattaleg umgjörð orkuvinnslu verið ósanngjörn fyrir nærsamfélagið og ekki verður unað við lengur. Starfsemi Landsvirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur á síðustu áratugum valdið gríðarlegum deilum í samfélaginu og verið mikill álagsvaldur á starf sveitarstjórnar og samfélagsins í heild.

Bygging Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar í neðri hluta Þjórsár skilar uppsettu afli upp á 292MW. Slík orka myndi duga fyrir fleiri en 250.000 heimili. Tekjur Skeiða- og Gnúpverjahrepps í núverandi skattaumgjörð eru engar af öllum virkjununum og fjöldi beinna starfa á svæðinu í heild að hámarki 12 samkvæmt greiningu faghóps 3. Samfélagsleg sátt í nærumhverfi orkuvinnslu á Íslandi er einungis hægt að ná fram með því að samfélagið njóti efnahagslegs ávinnings og að undanþágur orkufyrirtækja frá lögboðnum tekjustofnum sveitarfélaga verði felldar úr gildi.

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hlynntur áframhaldandi uppbyggingu orkuvinnslu í sveitarfélaginu. Það sýndi sveitarstjórn í verki með því að gefa út framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar þann 14. júní 2023 þrátt fyrir að Hvammsvirkjun skili engum beinum tekjum til sveitarfélagsins í núverandi laga- og skattaumgjörð. Ríkisstjórnin og þingmenn Alþingis þurfa að gera sér grein fyrir því að ekki verður unnt að halda áfram uppbyggingu frekari orkuvinnslu í núverandi skattaumhverfi og treystir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps á það að boðaðar breytingar í skattlagningu orkuvinnslu verði til þess að skapa sátt við nærumhverfi orkuvinnslu í framtíðinni. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um aukna græna orkuvinnslu mun leggja grunninn að fullum orkuskiptum og efnahagslegu sjálfstæði Íslands í orkumálum til framtíðar.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson

Oddviti og sveitarstjóri